

Verndun persónubundinna upplýsinga

Flestar athafnir einstaklinga skilja nú eftir sig rafræn spor. Upplýsingatæknin í nútíma þjóðfélagi gerir það að verkum að hægt er að safna og varðveita rafræn gögn nánast án takmarkana. Auðvelt er að sameina tölvugagnaskrár og vinna úr þeim margvíslegar upplýsingar á ýmsa vegu. Af þessum sökum kreppir mjög að friðhelgi einkalífs. Í fyrstu málsgrein 71. greinar stjórnarskrárinnar segir stutt og laggott: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.” Undanfarin ár hefur ríkisvaldið staðið fyrir margvíslegum lagasetningum er snerta meðferð rafrænna persónubundinna gagna og varða friðhelgi einkalífs. Um sumar lagasetningarnar og framkvæmd þeirra hafa spunnist langvarandi og harðar deilur og málaferli. Má þar nefna gagnagrunnsmálið. Ljóst er að herða þarf á ákvæðum stjórnarskrárinnar varðandi friðhelgi einkalífs miðað við þær aðstæður sem skapast í nútíma þjóðfélagi.

Reikna má með að sérhver fullorðinn Íslendingur sé á margvíslegum tölvutækum skráum. Þar má nefna:

- Þjóðskrá, skattskrá, margvíslegar skrár Tryggingastofnunar, nemendaskrár, íbúaskrá, kjörskrá, eigandaskrár fasteigna og bifreiða, sakaskrá
- sjúkraskrár, lyfjaskrá, lífsýnaskrá, margvíslegar skrár vegna spítalavistar og komu á heilsugæslustöðvar og til lækna, blóðgjafaskrá, skrár Hjartaverndar og Krabbameinsfélags
- færslur á bankareikninga, greiðslukortafærslur innan lands og utan, launaskrá, skrár viðskiptaaðila, skrár um hlutabréfaviðskipti
- áskriftarskrár blaða og tímarita, útleiguskrár myndbanda og bóka, skrár félagsamtaka, flokka og góðgerðastofnana
- farþegalistar í flugi, viðskiptamannaskrár ferðaskrifstofa
- símaskrá, skrár um símanotkun, skrár um farsímanotkun með staðarákvörðun, skrár sem geyma símtöl, skrár sem geyma tölvupóst, skrár sem geyma upplýsingar varðandi notkun veraldarvefsins, skrár um vörusendingar
- ættaskrár
- upptökur eftirlitsmyndavéla

Á undanförunum áratugum hafa orðið stórstígar framfarir í tölvutækni. Afköst, geymslugeta og hraði samskipta hefur um það bil þúsundfaldast á 15 ára fresti og talið er víst að sú þróun haldi áfram. Tæknin hefur nú þegar náð því stigi að öll tiltæk gögn um þjóðina í heild geta rúmast á geymsmiðli sem er á stærð við undirskál.

Ísland hefur sérstöðu að því leyti að kennitala Hagstofu Íslands er nú tengd nánast öllum persónubundnum tölvuskráum og notuð þar sem auðkennislykill. Slík ofnotkun kennitölu ríkisins þekkist ekki í nálægum löndum. Hér er enn fremur nær óheft dreifing á grunnupplýsingum um þegnana úr Þjóðskrá. Því er leikur einn, tæknilega séð, að nýta kennitöluna til að leiða saman persónubundin tölvutæk gögn úr ýmsum áttum og tengja þau einstaklingi í Þjóðskrá. Íslendingar eru sagðir nota greiðslukort meira en aðrir og kennitalan fylgir greiðslukorti sem og öllum bankaviðskiptum – úr viðkomandi gögnum er hægt að vinna margvíslegar upplýsingar um neyslumunstur einstaklinga og hópa.

Margvísleg dæmi eru til um hvernig persónubundnar upplýsingar hafa skaðað einstaklinga og hópa. Átakanlegasta dæmið er um hvernig nasistar notuðu IBM gataspjaldavélar til að flokka gyðinga úr íbúaskráum til þess að flytja þá síðan í

útrýmingarþúðir. Ýmis dæmi eru um að upplýsingar úr sjúkraskrá og lyfjanotkunarskrám hafi verið notaðar til að skaða hagsmunum einstaklinga með vilja eða óviljandi. Erlendis frá eru dæmi um að starfsfólk sjúkrahúsa hafi selt upplýsingar úr sjúkraskrá og um lögreglumenn sem hafa selt aðgag að sakaskrá. Rafrænar greiðslur hafa verið teknar út af reikningi án þess að reikningshafi hafi stofnað til þeirra. Í mörgum verslunum nægir að gefa upp kennitölu til þess að greiðslan fyrir úttekt færist á reikning handhafa kennitölunnar og er minnstur vandi fyrir óprúttna að verða sér úti um kennitölu annarra.

Af ofangreindu er ljóst að upplýsingatækniþjóðfélag nútímans kallar á ný ákvæð í stjórnaskrá til þess að ákvæði um friðhelgi einkalífs fái staðist.

Hér fylgja nokkrar ábendingar varðandi aukna vörn á friðhelgi einkalífs sem ákvæði í nýrri stjórnarskrá þurfa að leiða af sér:

- Notkun kennitölu Hagstofu Íslands sé heft og takmarkist við þjóðskrá og notkun í heilbrigðiskerfi
- dreifingu þjóðskrár sé hætt og sé hún einungis notuð við opinbera stjórnsýslu
- söfnun á persónubundnum gögnum sé óheimil nema úrvinnsla þeirra sé nauðsynleg og réttmæt og viðkomandi sé kunnugt um áformin
- persónubundin gögn sem aflað er í gefnum tilgangi séu ekki notuð í öðrum tilgangi
- persónubundnum gögnum sé eytt þegar réttmætri notkun er lokið: Áformum um öflun persónugagna fylgi ætíð fyrningarákvæði.

Að lokum. Íslenskt þjóðfélag er fámennt. Tölvuvæðing er hér á háu stigi. Margvísleg persónubundin tölvutæk gögn hafa hrannast upp. Auðvelt er, tæknilega séð, að vinna hvers konar upplýsingar úr þessum gögnum. Til þess að friðhelgi einstaklinga og hópa sé ekki rofin er full ástæða til að setja strangari ákvæði um persónuvernd hér en annars staðar.

Reykjavík 9. júní 2005
Oddur Benediktsson
Félagsmaður í Mannvernd